

Jón Jónsson og Þórunn Jónsdóttir á Hlíðarenda.

Jón Jónsson er fæddur í Óseyrarnesi 4. ágúst 1950. Foreldrar hans voru: Jón Sturlaugsson (d. 1. maí 1863), Jónssonar, Bergssonar frá Brattsholti og Margrjet Jónsdóttir, Grimssonar, Jónssonar, Bergssonar frá Brattsholti, systir Einars »borgara« á Eyrarbakka, föður Sigfúsar dómkirkjuorganista. Jón á Hlíðarenda var samfeðra og hálfbróðir Páls á Syðraseli (föður þeirra Selsbræðra), Sturlaugs í Starkaðarhúsum og Halldóru á Stórahrauni. Er ælt þessi afarfjölmenn þar eystra og karlleggurinn í óslitinni röð um alllangt skeið frá Vopna-Teiti, en hann var fráafi Bergs Sturlaugssonar í Brattsholti, er átti 6 sonu og 6 dætur, sem kunnugt er af hinni alkunnu visu um hann og sonu hans:

»Sex eru taldir synir Bergs á Sigluhundi:
Ari, Valdi, Grímur, Gvendur, Jón og Mundi.«¹⁾

Pótt Vopna-Teitur byggi búi sínu á Auðsholti í Biskupstungum, var hann formaður á Stokkseyri í 40 vertíðir. Er því eigi skamt til að rekja hvað mikla sjósókn snertir fjölda þeirra manna, sem frá Teiti eru komnir, og má ófæð telja Jón á Hlíðarenda einn meðal þeirra, er fremst hafa staðið, hvað langa og djarfa sjósókn snertir í veiðistöðvunum eystra, Stokkseyri og Þorlákshöfn.

Þórunn á Hlíðarenda er fædd á Stóra-Ármóti 5. júní 1861. Er hún dóttir Jóns kaupm. og dbrm. Árnasonar í Þorlákshöfn, Magnússonar í Þorlákshöfn, Beinteinssonar á Littalandi, Ingimundssonar, Bergssonar frá Brattsholti, og konu Jóns, Jórunnar Sigurð-

Jón á Hlíðarenda hefur verið formaður í Þorlákshöfn í 46 vertíðir. Samfara snildarlegri stjórn á mönnum og skipi, hefur hann alla tíð verið einn hinn aflamesti og hepnasti formaður, enda ávalt haft úrvalaliði á að skipa, mönnum, sem hann hefur elskað og virt sem það væru bræður hans, enda notið trausts þeirra og virðingar í ríku mæli. Það má teljast sjaldgjæft um mann, sem stjórnað hefur skipi og mönnum í annari eins veiðistöð og Þorlákshöfn er, jafnmörg ár og Jón hefur gert, að aldrei hefur honum hlekt á hið minsta, heldur hefur hann ávalt »stýrt fari sínu heilu heim«, en ekki segir hann að það sje sjer einum að þakka.

Þá hafa þau Hlíðarendahjónin eigi verið at-hafnalitil í landbúnaði. Húsfreyjan unnið alla vinnu utan húss sem innan með miklum dugnaði og hagsýni; húsbóndinn árvakur dugnaðarmaður jafnt til landvinnu sem sjómensku. Þá er þau höfðu búið á Hlíðarenda um 20 ára skeið, hafði hann grælt út túnið og aukið það um 14 vallardagsláttur, hlaðið



Þórunn Jónsdóttir.

várnargarða um tún og matjurtagarða um 1350 faðma á lengd, mestalla úr tvíhlöðnu grjóti, og